



Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum. (Þingskjal 187 – 186. mál., 151. löggjafing)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.**

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það.

Samtökin styðja við tillöguna og minna á skyldu ríkisins til að taka þátt í alþjóðasamvinnu til að vernda börn og aðra almenna borgara fyrir vopnaátökum, sbr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða og sem m.a. leiðir af 4. mgr. 38. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013: Í samræmi við skyldur sínar samkvæmt alþjóðlegum mannúðarreglum til að vernda óbreytta borgara í vopnaátökum skulu aðildarríki gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja börnum, sem áhrif vopnaátaka ná til, vernd og umönnun.

Jafnframt vísa Barnaheill til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sbr. nr. 16 um frið og réttlæti og 17 um samvinnu um markmiðin.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.